

Jeg bið ad heilsa öllum vinum mínum. Það v
 ekki ómögulegt, að jeg hitti Raven og konu hann
 einhverstaðar, því jeg heyri sagt, að þau ætli a
 leggja af stað í fjarska mikið ferðalag í kringu
 höttinn og fara um hann allan. Fallegu, litl
 Lydiu ætti að pykja gaman að þeirri ferð, því það e
 dálítið af sömu flakksnáttúrunni í henni og hinun
 ágæta föðurbróður hennar, og Raven er ljómand
 förunautur, einkanlega fyrir stúlku sem svo stendur
 á með, að hún er ástfangin af honum. Jeg ímynda
 mjer, að auður og ánægja bæti Raven. Jeg hef æfin
 lega þekkt hann sem hjartagóðan mann, og þó hann
 væri nokkuð slarksamur, þá var varla við öðru að
 búast, því hann á kyn sitt að rekja til manna sem
 voru slarksamir. Það sæti varla á mjer að áfella
 hann hið minnsta af þeim ástæðum, eða flanst yður
 ekki sv? Ad maður af Grantons-ættinni færi að
 halda hirtingarræður um aðra, yrði varla til upp
 byggingar.

Á meðan jeg er að skrifa þetta, skín sólin á
 Sæviðarsund (Bosphorus), og þegar jeg lít upp frá
 blaðinu, þá sje jeg flögg margra þjóða hreifast í
 vindblænum. Þessi sjón setur ímyndunarafl mitt í
 hreifingu líka; og jeg finn á mjer, að jeg verð að
 leggja af stað hjeðan að einum eða tveimur dögum
 liðnum, annaðhvort sjóveg eða landveg. Jeg er
 hálfpartinn að hugsa um, að fara til Marseilles og
 hitta Borringer. Hann er þar að undirbúa leiðang-
 ur til suðurrpólsins. Hvað sem jeg geri, eða hvert
 sem jeg fer, vona jeg, að þjer berid ætíð hlýjar til-
 finningar í hinu ólskulega hjarta yðar til yðar óá-
 nægjulega, óbætanlega, en samt ætíð ástríka bróður.

RUPERT GRANTON.

[LENDIR]
 Arnþótur B. Olsen